

Nr. 22 -079 S 055 Svana SH 234**Tók niðri**

Skipaskr.nr. 2532
Útgerð: ÓPH ehf.
Smíðaður: Bátasmiðja Guðmundar, 2002, trefjaplast.
Stærð: 5,03 BT
Mesta lengd: 8,78 m Skráð lengd: 7,96 m
Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Yanmar, 213 kW, 2016.
Fjöldi skipverja: 1



Svana©Arinbjörn Eiríksson

Gögn:

Gögn RNA
Lögregluskýrsla

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2022 var Svana SH 234 siglingu á leið til hafnar í Tálknafirði. Veður: NNA 5 m/s.

Á siglingu inn Tálknafjörð sigldi báturinn á sker, braut af sér skrúfunu, laskaði stýri og gataði olíutank. Báturinn flaut og var dreginn til hafnar af Jóa BA 4.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Fram kom hjá skipstjóra að hann hafi farið af stað kl. 03:00 en samkvæmt gögnum Vaktstöðvar siglinga lét báturinn úr höfn rétt eftir miðnætti en hóf heimsiglingu kl. 08:20.
- Báturinn var á tæplega 20 sml. ferð í stefnu u.þ.b. 135°rv.
- Skipstjóri bátsins sagðist hafa þurft að bregða sér frá úr stýrishúsi og hann hafi dottið og vankast um stundarsakir.

Nefndarálit:

Ástæða þess að Svana SH 234 tók niðri var sú að skipstjórnamaðurinn brá sér frá og datt á meðan báturinn var á mikilli ferð.

Sérstök ábending:

Skipstjórnamenn eru hvattir til að draga úr ferð skips þurfi þeir að bregða sér úr stýrishúsi um stundarsakir.